

Mánudaginn 23. nóvembermánaðar.

Nr. 33/1891:

Rjettvísing

gegn

Jóni Sigurðssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem hefur verið höfðað af hálfu rjettvísinnar gegn hinum ákærða, vinnupilti á Mýri í Bárðardal í Þingeyjarsýslu; Jóni Sigurðssyni, fyrir manndráp, og sem dæmt var af sýslumanninum í Þingeyjarsýslu hinn 12. okt. p. á. á þá leið, að hinn ákærði skyldi sæta líffáti, svo og greiða allan löglegan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun í hjeradi 6 krónur, hefur hjeradsdómarinn eigi, — þótt um lífleysisglæp sje að ræða, sem hann sjálfur hefur heimfært undir refsingarákæðið í 191. gr. í alm. hegningarlögum, 25. júní 1869, — tekið meðdómsmenn til þess að dæma málið í aukarjettinum ásamt hinum reglulega dómara, eins og fyrir er mælt í NL. 1—5—20, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. og 36. gr., og verður því að dæma aukarjettardóm sýslumannsins í Þingeyjarsýslu í þessu manndrápsmáli ómerkan, og vísa málinu heim til löglegrar dómsáleggingar með útnefndum meðdómsmönnum samkvæmt hinum tilgreindu lagastöðum.

Að öðru leyti þykir það einnig athugasvert við meðferð málsins af hálfu undirdómarans, að hann hefur eigi tekið inn í rjettargjörðirnar eða látið fylgja þeim brjef prestsins Jóns Þorsteinssonar á Halldórsstöðum, dags. 19. sept. p. á., en í því var hin fyrsta tilkynning til sýslumanns um glæpinn, og að hann eigi hefur að loknum aðalprófunum og vitnaleiðslunni í sökinni, og eftir að hæfilegur umhugsunartími fyrir hinn ákærða

var liðinn, af nýju spurt hann ýtarlega um öll atvik snertandi framkvæmd glæpsins, svo að þessi hinn síðari framburður yrði borinn saman við vitnaskýrslurnar, er þá hefði átt að gera ákærða kunnar, og við hans fyrri framburð í sökinni. Ennfremur var ástæða til þess að útvega skýrslu læknis um sálarástand hins ákærða, bæði almennt og sjerstaklega um það leyti, hann framdi glæpin, að svo miklu leyti unnt er að gefa skýrslu um þetta. Einnig átti dómarinn að útvega skírteini um aldur stúlkunnar Guðfinnu Jónsdóttur og láta það fylgja málinu.

Eptir þessum úrslitum verður hjeradsdómarinn að greiða allan kostnað, sem leitt hefur af áfrýjun málsins nú til yfirdómsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að rekstur málsins í hjeradi hefur framfarið með nægilegum hraða, og að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsáleggingar. Hjeradsdómarinn Benedikt Sveinsson greiði kostnað þann, sem leitt hefur af þessari áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra, — og greiðist þetta innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins undir aðför að lögum.